

Ed.

787. Frumvarp til laga

[333. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

Hlutverk, tegundir og yfirstjórn almenningsbókasafna.

1. gr.

Almenningsbókasöfn skulu vera upplýsinga- og þjónustustofnanir, er veiti almenningi sem frjálust afnot af bókum og öðrum menningargögnum um sem fjölþættust efni í því skyni að efla almenna menntun og veita skilyrði til heilbrigðrar tómstundaiðju.

2. gr.

Almenningsbókasöfn, sem lög þessi taka til, eru:

1. miðbókasöfn,
2. bæjar- og héraðsbókasöfn og hreppsboðkasöfn,
3. bókasöfn fyrir vistmenn og starfslíð sjúkrahúsa, heilsuhæla, dvalarheimila og fangahúsa.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn almenningsbókasafna.

Til ráðgjafar um stjórn bókasafnsmála skal vera einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af hálfu Bókavarðafélags Íslands til 4 ára í senn.

Í menntamálaráðuneytinu skal starfa fulltrúi, er hafi lokið háskólaprófi í bókasafnsfræðum og hlotið starfsreynslu sem bókavörður. Hann skal vera til aðstoðar við stjórn bókasafnsmála.

Miðbókasöfn.

4. gr.

Í umdæmi hverra landshlutasamtaka sveitarfélaga skal vera eitt miðbókasafn, en á Norðurlandi þó tvö. Miðbókasöfnum skal komið á fót þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og þegar landshlutasamtök sveitarfélaga hafa til þess bolmagn. Landshlutasamtök gera tillögu til ráðuneytisins um, hvar slík söfn skuli vera.

5. gr.

Miðbókasafn er aðalbókasafn í umdæminu. Bækur og önnur útlámsgögn miðbókasafns skal að hluta hafa til tímabundinna nota í öðrum söfnum umdæmisins til að bæta safnkost þeirra, og skal miðbókasafn stuðla að dreifingu þess efnis, m. a. með bókasafnsbifreiðum. Miðbókasafn skal annast lán milli safna, veita öðrum söfnum upplýsingaþjónustu og miðla þeim starfsþekkingu, eiga þátt í mótun og eflingu annarra safna og frumkvæði að æskilegri nýskipan í safnrekstri.

6. gr.

Stjórn miðbókasafns skal skipuð 3 eða 5 mönnum, kjörnum til 4 ára af landshlutasamtökum sveitarfélaga, er hlut eiga að máli. Stjórnin kýs sér formann. Hún hefur eftirlit með starfsemi safnsins og gerir tillögur til ráðuneytisins um ráðningu þeirra bókavarda, sem ríkissjóður launar. Eigi síðar en í marsmánuði ár hvert skal stjórn miðbókasafns senda stjórn hlutaðeigandi landshlutasamtaka og ráðuneytinu reikninga og skýrslu um starfsemi og hag safnsins á liðnu ári.

7. gr.

Fjárframlag ríkissjóðs til húsbýgginga miðbókasafna skal vera 75% byggingakostnaðar gegn 25% framlagi frá hlutaðeigandi landshlutasamtökum. Í Reykjavík greiðir ríkissjóður $\frac{1}{3}$ stofnkostnaðar. Um undirbúning safnbýgginga og framkvæmd þeirra fer eftir lagaákvæðum um skólabyggingar eftir því sem við getur átt.

Sama kostnaðarhlutfall gildir, er um ræðir tækjakaup til miðbókasafns, þ. á m. bókasafnsbifreið.

8. gr.

Ríkissjóður veitir til miðbókasafna sem svarar launum yfirbókavarda og tveggja annarra bókavarda í landshluta, þar sem eru innan við tíu þúsund íbúar, en síðan sem svarar launum eins bókavarda fyrir hver tíu þúsund íbúa eða brot af þeirri tölu, sem við bætist.

Í Reykjavík greiðir ríkissjóður laun eins og við stærsta miðbókasafn utan Reykjavíkur samkvæmt lögum þessum.

Annar kostnaður við miðbókasafn greiðist af hlutaðeigandi landshlutasamtökum og skal framlag til kaupa á bókum og öðrum útlámsgögnum eigi nema lægri fjárhæð en launagreiðslur ríkissjóðs.

9. gr.

Við miðbókasafn skal vera forstöðumaður (yfirbókavörður), er lokið hafi prófi frá Háskóla Íslands í bókasafnsfræðum eða hlotið hliðstæða menntun annars staðar. Við önnur bókasöfn, er lög þessi taka til, skulu þeir sem lokið hafa prófi í bókasafnsfræðum, hafa forgangsrétt til starfa. Í bókavardarstöður sem ríkissjóður launar við miðbókasöfn, ræður menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi safnstjórnar. Í önnur störf við miðbókasöfn ræður hlutaðeigandi safnstjórn.

Um kjör starfsmanna almenningsbókasafna fer eftir þeim ákvæðum, er á hverjum tíma gilda um kjör starfsmanna ríkis og bæja.

Bæjar-, héraðs- og hrepps bókasöfn.

10. gr.

Ákveða skal í reglugerð samkvæmt tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga, að fenginni umsögn Bókavarðafélags Íslands, hvar vera skuli bæjar-, héraðs- eða hrepps bókasöfn. Skal miða við, að sem flestir geti á sem auðveldastan hátt notið þjónustu safnanna og þeirra safngagna, sem til útlána eru. Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til bókalána í skip. Kanna ber, hvar unnt kynni að veita aukna þjónustu með bókasafnsbifreiðum.

11. gr.

Bæjar- og héraðsbókasöfn skulu starfrækja útibú eða útlánastöðvar í bókasafns- hverfum, þegar ástæða þykir til að dómi bókasafnsstjórnar.

12. gr.

Mið- og bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum viðtæka menningarstarfsemi. Þau skulu hafa lestrarsal fyrir fullorðna, starfsaðstöðu fyrir fræðimenn, barnabókasafn með lesstofu, sjálfstætt eða í samvinnu við skóla. Einnig skulu þau starfrækja hljómlistar- og segulbandsdeild, ef þess er kostur. Þau skulu leitast við að veita einstaklingum gagnlegar upplýsingar um menn og málefni, eftir því sem um er beðið og ástæður leyfa.

Héraðsbókasöfn skulu leitast við að hafa með höndum álíka starfsemi og mið- og bæjarbókasöfn, eftir því sem starfskraftar og kringumstæður leyfa.

13. gr.

Sveitarfélög skulu sjá söfnunum fyrir fullnægjandi húsnæði. Þau njóta til bók- hlöðubýgginga og húsabóta styrks úr ríkissjóði, sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta byggingar- kostnaðar miðað við ákveðin lágmarksskilyrði um húsnæði og útbúnað.

14. gr.

Stjórnir sveitarfélaga, þar sem bæjar- og/eða héraðsbókasöfn starfa, skulu að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum kjósa bókasafnsstjórnir fyrir kjörtímabilið.

Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar ákveða, sem hana kjósa. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker ráðu- neytið úr.

15. gr.

Fjárframlög hreppa eða kaupstaða, þar sem bæjar- og/eða héraðsbókasöfn eru, skulu árlega vera eigi lægri en hér segir:

Í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa	kr.	200.000
Í sveitarfélögum með 500 til 1500 íbúa	—	300.000
Í sveitarfélögum með 1500 til 3000 íbúa	—	600.000
Í sveitarfélögum með 3000 til 5000 íbúa	—	1.600.000
Í sveitarfélögum með 5000 til 8000 íbúa	—	2.000.000
Í sveitarfélögum með yfir 8000 íbúa	—	3.000.000
Í Reykjavík (til Borgarbókasafns)	—	40.000.000

16. gr.

Framlög úr ríkissjóði til bæjar- og/eða héraðsbókasafna skulu árlega vera eigi lægri en hér segir: Til bókasafna í sveitarfélögum með 500 íbúum eða færri greiðist helmingur af lágmarksframlagi sveitarfélags. Til bókasafna í sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúum greiðist þriðjungur af lágmarksframlagi hrepps- (hreppa) eða bæjarsjóðs og sýslusjóðs. Til Borgarbókasafns Reykjavíkur greiðist fjórðungur af lágmarksframlagi borgarsjóðs.

Framlög úr ríkissjóði skal endurskoða árlega og færa til samræmis við laun, bókaverð og annan rekstrarkostnað safnanna, eftir mati Hagstofu Íslands, enda hafi framlög sveitarsjóða hækkað til samræmis við gildandi verðlag.

17. gr.

Við héraðsbókasafn, sem starfar í sveitarfélagi með 500 íbúum eða færri, skal vera bókavörður, og svari starf hans a. m. k. til $\frac{1}{4}$ hluta bókavarðarstöðu.

Við bæjar- og/eða héraðsbókasöfn, sem starfar í sveitarfélagi með 501—1500 íbúum, skal vera bókavörður, og svari starf hans a. m. k. til hálftrar bókavarðarstöðu.

Við bæjar- og/eða héraðsbókasöfn, sem starfar í sveitarfélagi með fleiri en 1500 íbúum, skal vera a. m. k. einn bókavörður í fullu starfi.

18. gr.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfum, eins og hann var 1. desember næsta ár á undan.

Framlög ríkisins skulu greidd með tveim jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok aprilmánaðar og hin síðari fyrir lok októbermánaðar. Áður skulu hafa borist vottorð safnstjórnar um, að heimaaðilar hafi staðið skil á lögboðnum framlögum sínum.

19. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera hrepps-bókasafn.

Hrepps-bókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn, lestrarfélögum eða öðrum félagssamtökum.

Heimilt er tveimur eða fleiri hreppum eða lestrarfélögum að sameinast um rekstur bókasafns, og skulu fjárframlög þá vera sem um eitt sveitarfélag væri að ræða. Eins geta hreppsnefndir í samráði við ráðuneytið ákveðið að fela héraðsbókasafni að gegna hlutverki hrepps-bókasafns eða reka útlánastöð í hreppnum. Framlög hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs renna þá til héraðsbókasafns.

20. gr.

Fjárframlög hreppa, lestrarfélaga eða annara félagssamtaka, sem hrepps-bókasöfn reka, skulu árlega vera eigi lægri en hér segir:

Í hreppsfélögum með 100 íbúum eða færri	kr. 25.000
Í hreppsfélögum með 101 til 250 íbúum	— 50.000
Í hreppsfélögum með 251 til 500 íbúum	— 100.000
Í hreppsfélögum með 501 til 1000 íbúum	— 200.000
Í hreppsfélögum með 1001 til 2000 íbúum	— 400.000
Í hreppsfélögum með yfir 2000 íbúum	— 600.000

21. gr.

Framlög ríkissjóðs til hrepps-bókasafna skulu árlega vera eigi lægri en hér segir: Til bókasafna í hreppum með 500 íbúum eða færri greiðist helmingur af lágmarksheimaframlagi. Til bókasafna í hreppum með fleiri en 500 íbúum greiðist þriðjungur af lágmarksheimaframlagi.

22. gr.

Við hrepps-bókasafn í sveitarfélagi með 1000—2000 íbúum skal vera launaður bókavörður, og svari starf hans til a. m. k. hálftrar bókavarðarstöðu. Við hrepps-bókasafn í sveitarfélagi með fleiri en 2000 íbúum skal vera a. m. k. einn launaður bókavörður í fullu starfi.

23. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur hrepps-bókasafns, skal um fjárframlög félagssamtaka til bókasafnsins farið eftir reglum 20. og 21. gr. Nái ekki framlag félags eða félaga því lágmarki, sem 20. gr. kveður á um, skal greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

24. gr.

Stjórn hreppsbókasafns, sem rekið er af félagssamtökum, skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á aðalfundi félagsins. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að hreppsbókasafni, skal stjórnin skipuð 5 mönnum og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir samkomulagi þeirra.

25. gr.

Skylt er hlutaðeigandi hreppum að sjá hreppsbókasöfnum fyrir fullnægjandi húsnæði. Þau njóta til bókhlöðubygginga og húsabóta styrks úr ríkissjóði, og gilda um það sömu reglur og segir í 16. gr. um bæjar- og héraðsbókasöfn.

26. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 21. gr., að reka hreppsbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn skylt að taka safnið í sína vörslu og reka það samkvæmt lögum þessum. Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði ráðuneytisins.

27. gr.

Stjórn hreppsbókasafns starfar undir stjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórnna), og skulu reikningar safnsins endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum.

Hún skal ráða safninu bóka-vörð.

28. gr.

Í fjölmönnum sveitarfélögum skal að því stefnt að í hreppsbókasöfnum sé lestrar-salur með handbókum og fræðibókum um sem fjölbreytilegust efni, svo sem atvinnu-líf, tækni, náttúruvísindi, o. fl. Þar skal og vera lesstofa fyrir börn, annað hvort sér eða í samvinnu við skóla.

29. gr.

Í marsmánuði ár hvert skal stjórn hreppsbókasafns senda hlutaðeigandi sveitarstjórn og ráðuneyti skýrslu um hag, rekstur og bóka-kaup safnsins á liðnu ári. Ríkisframlag greiðist söfnunum að fengnum þessum skýrslum.

30. gr.

Almenningsbókasöfn skulu hafa með sér samstarf um gagnkvæm bóka-lán og bóka-skipti, eftir því sem hagkvæmt þykir.

31. gr.

Samvinnu skal komið á milli almenningsbókasafna og skólabókasafna, þar sem henta þykir og við verður komið, til þess að nýta sem best fjármagn, bóka-kost, húsnæði og starfslið. Skulu skólanefndir og bókasafnsstjórar beita sér og annast framkvæmd slíkrar samvinnu.

Bókasöfn í sjúkrahúsum og hælum.

32. gr.

Sjúkrahús, heilsuhæli, dvalarheimili og fangahús skulu hafa bókasöfn fyrir vistmenn og starfslið. Kostnaður við húsnæði, bækur og önnur safngögn og bóka-varðarstörf greiðir stofnun sú, sem safnið þjónar. Bókasafnið er undir stjórn stofn-unarinnar og forstjóra hennar og skal lögð áhersla á góðan og fjölbreytilegan kost innlendra og erlendra bóka.

Heimilt er að fela almenningsbókasafni þessa þjónustu.
Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um þessi söfn, húsakost og rekstur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stofnunar og Bókavarðafélags Íslands.

Rithöfundarsjóður Íslands.

33. gr.

Greiðsla til íslenskra rithöfunda fyrir bækur þeirra í almenningsbókasöfnum skal goldin árlega úr sjóði, er nefnist Rithöfundasjóður Íslands.

Árlegt framlag ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til Rithöfundasjóðs Íslands skal vera:

- a) úr ríkissjóði: fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árlega fjárveitingu til rekstrar bæjar-, héraðs- og hreppsboðkasafna,
- b) úr bæjar- og sveitarsjóðum: fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árleg lágmarksframlög þessara sjóða til safna samkvæmt a-lið, sbr. 15. og 20. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um stjórn sjóðsins, úthlutun úr honum og starfsemi í samráði við samtök rithöfunda.

34. gr.

Þar til gagnkvæmar höfundagreiðslur vegna afnota í bókasöfnum innan Norðurlanda verða lögtekna, er heimilt, ef sérstök fjárveiting er til þess veitt í fjárlögum, að veita rithöfundum styrki árlega til dvalar í öðru norrænu landi.

Almenn ákvæði.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um almenningsbókasöfn, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands. Skal þar m. a. kveða á um gerð og stærð húsnæðis, skráningarreglur safna og viðurlög við skemmdum eða eyðileggingu útlánsagna.

Heimilt er og að fengnum tillögum sömu aðila að setja starfsmönnum og bókasafnsstjórnnum erindisbréf.

Ákvæði til bráðabirgða.

36. gr.

Embættisskilyrði laganna taka ekki til þeirra, sem nú gegna föstum störfum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 18. september 1970 skipaði þáv. menntamálaráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um almenningsbókasöfn. Nefndinni var einnig falið að athuga um möguleika á framkvæmd hugmynda um kaup á vissum fjölda eintaka íslenskra bóka til handa almenningsbókasöfnum. Í nefndinni áttu sæti Stefán Júlíusson, bókafulltrúi, formaður, Eiríkur Hreinn Finnbogason, borgarbókaforður, skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hilmar Jónsson, bókaforður, tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, Matthías Johannessen, rithöfundur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, og Örn Marinósson, deildarstjóri, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu. Nefndin lauk störfum

í lok aprílmánaðar 1971 og sendi menntamálaráðuneytinu frumvarp til nýrra laga um almenningubókasöfn.

Lög um almenningubókasöfn voru sett árið 1955 og endurskoðuð árið 1963. Breytingar þær, sem felast í frumvarpi nefndarinnar frá 1970 eru fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis, þótt fleiri séu þær, þ. á m. að komið sé á fót embætti bókasafnsstjóra ríkisins og bókasafnsdeild í menntamálaráðuneytinu, sem þessi nýi embættismaður á að veita forstöðu samkv. frumvarpinu. Einnig voru þar ákvæði, sem skylduðu bókasöfn í byggðarlögum með 500 íbúa og fleiri til að kaupa árlega eitt eða fleiri eintök af „öllum helstu bókum, sem frumsamdar eru á íslensku“. Skyldi veita aukalega tvær millj. kr. í fjárlögum árlega vegna þessarar kvaðar og úthlutað af sérstakri nefnd til þeirra safna, sem verst eru sett fjárhagslega.

Menntamálaráðuneytið sendi Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélagi Íslands frumvarp nefndarinnar til umsagnar. Samband íslenskra sveitarfélaga sendi sína umsögn 8. febrúar 1972 og Bókavarðafélag Íslands 11. febrúar 1972. Báðir hafa þessir aðilar sitthvað við frumvarpið að athuga og m. a. segir í bréfi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, að stjórn sambandsins telji mikils vert, að lög, sem snerta samskipti ríkis og sveitarfélaga séu sem auðveldust í framkvæmd, en stjórnin telji, að nokkuð skorti á slíkt í frumvarpinu, ákvæði þess séu óþarflega margbrotin og falli ekki að öllu leyti vel að stjórnkerfi landsins, og síðan eru rakin nokkur dæmi um þetta, svo sem bókasafnshverfi samkv. 3. gr. frumvarpsins séu mörg hver óháð öllum öðrum stjórnarsýsluumdæmum landsins og engan veginn fast mótaðar reglur um stjórn þeirra. Þá er talað um óljós hlutverkaskipti milli bæjarbókasafna og héraðsbókasafna og reglur um fjárframlög ríkis og sveitarfélaga virðast nokkuð handahófskenndar. Einnig er talið ástæðulaust að kveða svo náíð á um bókavarðastöður og ætla bókavörðum friðindi umfram aðra starfsmenn sveitarfélaga. Einnig telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ástæðulaust að blanda sveitarfélögum í hagsmunamál rithöfunda eins og t. d. með ákvæðum um framlög til ákveðinna bókakaupa og í tiltekna sjóði. Segir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, að eðlilegra virðist að ríkið leysi þau mál, og yrðu framlög til bókasafna lækkuð sem því nemur, og virðist tilhöggun, sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu leiða til óþarfa skriffinnsku. Þá segir enn fremur, að ástæða virðist til að haga fjárframlögum ríkisins til bókasafnsbygginga með svipuðum hætti og sé um framlög ríkisins til skólabygginga. En í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að bæir og sýslur sjái söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, en fái sem nemur 1/3 byggingarkostnaðar úr ríkissjóði. Þá telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga óeðlilegt að fastskorða svo mjög fjárframlög sveitarfélaga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Enn fremur er bent á, að nauðsynlegt sé að kanna, hvornig tengslum skólalabókasafna og héraðsbókasafna verði best fyrir komið. Að lokum leggur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til, að frumvarpið verði tekið til endurskoðunar með hliðsjón af framangreindum ábendingum.

Stjórn Bókavarðafélags Íslands hefur einnig sitthvað við frumvarpið að athuga og telur, að misráðið hafi verið að fela nefnd þeirri, er samdi frumvarpið, að fjalla einnig um þann vanda íslenskra rithöfunda og útgefenda, sem bókakaupatillaga rithöfundabings haustið 1969 var sprottin af. Sé afar óaðgengilegt fyrir almenningubókasöfn í landinu að vandi íslenskra rithöfunda og útgefenda sé leystur á þann hátt, að á söfnin sé lögð þröng bókakaupakvöð með auknum fjárframlögum, er söfnin sjálf teldu e. t. v. betur varið öðruvísi. Telur stjórn Bókavarðafélagsins grundvallaratriði að bókaval sé í höndum safnanna sjálfra og miðað við þarfir þeirra á hverjum stað. Sé það meginviðmiðun í rekstri góðs bókasafns, að það skuli sinna þörfum notenda og engra annarra og megi minna á, að þau söfn, sem vel séu rekin, veigri sér meira að segja við því að taka við bókagjöfum, ef þær eiga ekki erindi við safnnotendur.

Stjórn Bókavarðafélagsins telur veigamesta atriði frumvarpsins miðað við gildandi lög, að frumvarpið gerir ráð fyrir verulegri aukningu fjárframlags frá ríki

og sveitarfélögum til almenningsbókasafna. Heyrist þess oft getið, að það sem einkum standi almenningsbókasöfnum fyrir þrifum hér á landi sé fjárskortur. Þetta sé rétt eins langt og það nái en þó varla sannleikurinn allur. Einnig þurfi að gefa gaum að því, hvernig aukinni fjárveitingu verði varið af sem mestri kunnáttu, svo að hún megi koma að sem bestum notum og verða til að auka verulega þjónustu safnanna. Telur stjórn Bókavarðarfélagssins, að þurft hefði að hyggja sérstaklega að þessu við endurskoðun laganna, og til þess að tryggja gagnsemi aukinna fjárveitinga telur stjórnin, að tvenns þurfi einkum að gæta:

1. Að söfnin verði betur tengd í samvirkt kerfi, þar sem stærri söfnin, miðbókasöfnin, hefðu mun ríkari þjónustuskyldu við hin smærri en nú er, og fælist þetta hæði í miðlun á starfsþekkingu, upplýsingaþjónustu og láni á farand-söfnum til tímabundinna nota.
2. Að til miðbókasafna geti ráðist bókaverðir með staðgóða kunnáttu til safnstarfa. Þeir gætu öðrum fremur stuðlað að því, að söfnin yrðu ekki rykfallnar bókageymslur, heldur lifandi þjónustustofnanir.

Telur stjórn Bókavarðafélagsins, að fyrrgreindar ábendingar gætu gefið til-efni til þess, að gerðar yrðu meiri háttar breytingar á frumvarpinu, en telur beina tillögugerð í þá átt ekki vera í sínum verkahring að sinni, þótt hún sé fús til við-ræðna um það, ef til komi.

Að framansögðu mátti ráða, að hvorki Bókavarðafélag Íslands né Samband íslenskra sveitarfélaga var ánægt með frumvarpið, þótt þessir aðilar hefðu átt fulltrúa í frumvarpsnefndinni, og var því eigi talið rétt að leggja frumvarpið fyrir Alþingi í óbreyttu formi. Enn bættist það við, að æskilegt þótti að sjá, hvaða ákvæði Alþingi kynni að samþykkja um skólabókasöfn í frumvarpi til laga um grunnskóla, sem legið hefur fyrir Alþingi að undanfögnu, en í X. kafla þess frum-varps er fjallað um bókasöfn og lesstofur fyrir nemendur og kennara og einnig heimildarákvæði um sameiningu almenningsbókasafna og skólabókasafna, ef for-ráðamenn beggja safna telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir. Í áðurnefndu frumvarpi um almenningsbókasöfn var hinsvegar ekki fjallað um skólabókasöfn, sem ekki er heldur nauðsynlegt, ef ákvæði grunnskólafrumvarps, er að þessu líta, hljóta samþykki. Verði það hinsvegar ekki, er óhjákvæmilegt að fjalla um þau efni, annað hvort í frumvarpi um almenningsbókasöfn eða í sér-stöku frumvarpi. Taldi ráðuneytið því hyggilegt að bíða með frumvarp um al-menningsbókasöfn þar til skýrar lægi fyrir um skólabókasöfnin, sem er afar þýðingarmikið mál, eins og gerð er grein fyrir í umsögn um 75. gr. grunnskóla-frumvarps, og eru opnaðar leiðir til samvinnu milli almennra bókasafna og skóla-bókasafna.

Þar sem menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur nú afgreitt grunnskóla-frumvarpið til efri deildar og engar breytingartillögur komið fram við ákvæðin um skólabókasöfn og vonir standa til að grunnskólafrumvarpið hljóti afgreiðslu á þessu þingi, er eðlilegt, að frumvarp til laga um almenningsbókasöfn verði nú lagt fyrir þingið til kynningar og athugunar

Ráðuneytið hefur því látið endurskoða frumvarpið m. a. í ljósi þeirra athuga-semnda, sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélag Íslands hafa gert, samkvæmt því sem áður segir, og hafa þeir unnið að endurskoðuninni Birgir Thorla-cius, ráðuneytisstjóri, Ólafur Pálmason, bókavörður, formaður Bókavarðafélags Ís-lands, og Páll Líndal, borgarlögmaður, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. En Páll Líndal var erlendis þegar lokið var við frumvarpið og hefur því ekki átt þátt í endanlegri gerð þess.

Hið nýja frumvarp felur í sér margháttaðar breytingar hvort sem miðað er við gildandi lög um almenningsbókasöfn eða frumvarp það, sem nefndin frá 1970 samdi. Eru meginbreytingarnar þessar:

1. Gert er ráð fyrir svonefndum miðbókasöfnum, einu í hverju umdæmi landshlutasamtaka sveitarfélaga, nema tveimur á Norðurlandi. Söfnum þessum er ætlað að vera aðalbókasöfn hverju á sínu svæði, og veita öðrum bókasöfnum í umdæminu margvíslega aðstoð með lánnum bóka og annarra safngagna, upplýsingaþjónustu og leiðbeiningastarfi í safnrekstri. Gert er ráð fyrir, að við þessi söfn starfi sérfræðingar í bókasafnsfræðum, laun þeirra séu greidd úr ríkissjóði og 75% byggingakostnaðar miðbókasafna greiðist einnig úr ríkissjóði. Miðar þetta að því að efla mjög nokkur aðalbókasöfn um landið, sem geti orðið hinum smærri söfnum stoð og stytta.
2. Samkvæmt frumvarpinu fer menntamálaráðuneytið með yfirstjórn almenningsbókasafna eins og er samkvæmt gildandi lögum, en því til ráðgjafar um stjórn bókasafnsmála skulu vera tveir ráðunautar, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hinn af Bókavarðafélagi Íslands, til fjögurra ára í senn. Í frumvarpi nefndarinnar frá 1970 var gert ráð fyrir embætti bókasafnsstjóra, sérstakri bókasafnsdeild í menntamálaráðuneytinu, en skipan þessara mála er nú þannig, að starf bókafulltrúa var fyrir nokkrum árum sameinað ráðuneytinu. Starfar hann í þeirri deild, sem fjallar um safnamál, þ. á m. málefni bókasafna, og verður ekki séð að nauðsyn beri til eða æskilegt sé að efna til annarrar og umfangsmeiri og kostnaðarsamari stjórnar þessara mála. Hinsvegar leggur ráðuneytið áherslu á aukið samstarf um þessi mál við Samband íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélag Íslands og gerir hið nýja frumvarp ráð fyrir samstarfsaðilum frá þeim eins og að framan segir. Er þetta gert með hliðsjón af því, að samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd skólakostnaðarlaga og samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið, samkv. lögum um menntaskóla, hafa gefið góða raun.
3. Í gildandi lögum um almenningsbókasöfn er landinu nákvæmlega skipt í bókasafnshverfi, en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að slíkt verði gert í reglugerð og farið um skiptinguna að tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga, en leitað áður umsagnar Bókavarðafélags Íslands.
4. Söfnunum er ákveðið rekstrarfé, bæði úr sveitarsjóðum og ríkissjóði, eftir ákveðnum reglum um íbúafjölda sveitarfélaga. Er áætlað, að rekstrarfé til bæjar- og héraðsbókasafna samkvæmt frumvarpinu myndi nema frá sveitarsjóðum 64 millj. króna á ári og frá ríkissjóði 20.389.000,00 kr. eða samtals 84.389.000,00 kr. Fjárframlög ríkisins til rekstrar almenningsbókasafna eru í fjárlögum ársins 1974 kr. 6.700.000,00. Þess skal getið, að í gildandi lögum og fyrri gerð frumvarpsins er gert ráð fyrir framlagi frá sýslusjóðum, en í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir neinu framlagi frá þeim, þar sem sýslusjóðir hafa ekki yfir miklum fjármunum að ráða.

Samkvæmt þessu frumvarpi myndu fjárframlög til hreppabókasafna, að því er rekstur varðar, nema 16 millj. kr. úr sveitarsjóðum og rúmlega 7 millj. krónum úr ríkissjóði, eða samtals 23.066.000,00 kr.

Þess ber að geta, að samkvæmt frumvarpinu er hér um lágmarksfjárframlög að ræða, sem gætu orðið meiri eftir því sem Alþingi og sveitarstjórnir ákvæðu, en samtals yrðu þetta lágmarksfjárframlag til almenningsbókasafna, fyrir utan miðbókasöfn, yfir 100 millj. kr. á ári.

Til viðbótar þessu koma svo framlög ríkis og landshlutasamtaka til miðbókasafna og byggingar eða stofnkostnaðarframlög til safnanna allra.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 75% byggingakostnaður miðbókasafns, en greiði þriðjung byggingakostnaðar annarra almenningsbókasafna og sömuleiðis taki ríkissjóður þátt í kostnaði við kaup bókasafnsbifreiða.

Eins og sést af þessu, er hér um mikilvægar breytingar að ræða frá gildandi lögum um almenningsbókasöfn og frá frumvarpi því, sem samið var af nefndinni, sem skipuð var 1970.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er áhersla á upplýsinga- og þjónustuhlutverk almenningsbókasafna í því skyni að veita mönnum aðstöðu til að afla sér almennrar menntunar og heilbrigðrar tómstundaiðju.

Um 2. gr.

Hér er skilgreint, hvaða bókasöfn teljist almenningsbókasöfn.

Um 3. gr.

Menntamálaráðuneytið ráðgast um stjórn bókasafnsmála við fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands, er verði tilnefndir til 4 ára í senn. Þá er gert ráð fyrir að í ráðuneytinu starfi háskólamenntaður fulltrúi í bókasafnsfræðum með starfsreynslu sem bókavörður, er verði til aðstoðar við stjórn bókasafnsmála.

Um 4. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir einu miðbókasafni í hverju umdæmi landshlutasamtaka sveitarfélaga, nema tveimur á Norðurlandi. Reykjavík hefur aðra og betri aðstöðu í safnamálum en aðrir hlutar landsins, vegna hinna stóru ríkissafna, sem þar eru þegar, Landsbókasafns og Háskólabókasafns. En æskilegt er, að Borgarbókasafn verði miðbókasafn og er stofnkostnaðarþátttaka ríkissjóðs $\frac{1}{3}$ skv. frv.

Um 5.—9. gr.

Hér er fjallað um miðbókasöfn, en ákvæðin um þau eru nýmæli. Lögð er áhersla á, að þessi söfn verði aðalsöfn í umdæminu að því er tekur til almenningsbókasafna og fær um vegna stærðar, sérfróðra starfsmanna og fjárhagsaðstöðu, að veita öðrum söfnum í umdæminu ýmis konar þjónustu og eiga frumkvæði að æskilegri nýskipan í safnrekstri á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 75% af byggingakostnaði miðbókasafna á móti 25% frá landshlutasamtökum sveitarfélaga og að ríkissjóður greiði laun tiltekins fjölda bókavarda. Einnig er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 75% af stofnkostnaði við tækjakaup miðbókasafna, þ. á m. bókabifreiða, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að bókabifreiðir geti orðið að verulegum notum í safnrekstrinum.

Um Reykjavík eru sérákvæði vegna þess að þar eru fyrir stærstu ríkissöfn landsins. Er stofnkostnaðarþátttaka ríkissjóðs miðuð við þriðjung og launagreiðslur takmarkaðar við það sem verða myndi við stærsta miðbókasafn utan Reykjavíkur.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum er landinu skipt í bókasafnshverfi, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hverfaskiptingin verði ákveðin í reglugerð samkvæmt tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga, en áður hafði verið leitað umsagnar Bókavardafélags Íslands. Þá er sérstaklega tekið fram, að gera skuli ráðstafanir til bókalána í skip og kanna hvar unnt sé að veita meiri og betri þjónustu með því að taka í notkun bókasafnsbifreiðir.

Um 11. gr.

Hér er útlánastöðvar í bókasafnshverfum, ef henta þykir. Yrði þetta athugað í sambandi við hugsanlega þjónustu með bókasafnsbifreiðum.

Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er ákvæði um, að almenningsbókasöfn skuli fá til afnota húsnæði, sem fullnægja eðlilegum þörfum starfseminnar, og hafi heimaaðilar forgöngu um bygg-

ingu, kaup eða leigu, en ráðuneytið setji reglur um hvaða kröfur beri að gera til slíks húsnæðis, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands. Hér er einnig gert ráð fyrir, að stofnkostnaður almenningsbókasafna, byggingakostnaður, bókabífreið og tækjabúnaður greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði en $\frac{2}{3}$ af heimaaðilum, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni, og að farið skuli um undirbúning og framkvæmd safnbygginga eftir ákvæðum laga um skólabyggingar eftir því sem við getur átt.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15.—16. gr.

Hér er fjallað um fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna og hreppsbókasafna. Er hér um verulega hækkun að ræða frá gildandi ákvæðum, eins og segir í hinni almennu greinargerð hér að framan. Er gert ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt þessari grein verði árlega færðar til samræmis við laun starfsmanna, verð bóka og annars kostnaðar við safnreksturinn eftir mati Hagstofu Íslands.

Um 17.—31. gr.

Í þessum greinum er ekki um neinær stórvægilegar breytingar að ræða, er þarfnist skýringa.

Um 32. gr.

Hér eru ákvæði um bókasöfn í sjúkrahúsum og hælum og gert ráð fyrir, að þau söfn séu undir stjórn hlutaðeigandi stofnunar og kostnaður við þau teljist með rektri stofnunarinnar, en að nánari ákvæði um þau verði sett í reglugerð, að fengnum tillögum Bókavarðafélags Íslands.

Um 33. gr.

Ákvæðin um Rithöfundasjóð Íslands eru hér styttri en í gildandi lögum, en haldið sama greiðsluhlutfalli til sjóðsins. Ráðuneytinu er ætlað að setja nánari ákvæði í reglugerð samkvæmt þessari grein, m. a. um greiðslur til þýðenda.

Um 34. gr.

Öbreytt frá gildandi lögum.

Um 35. gr.

Hér er ákvæði um gildistöku laganna og ráðuneytinu veitt heimild til þess að setja nánari ákvæði í reglugerð, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands. Meðal annars er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði kveðið á um gerð og stærð húsnæðis, skráningarreglur safna, viðurlög við skemmdum eða eyðileggingu safngagna, og einnig er gert ráð fyrir erindisbréfum fyrir starfsmenn safnanna.

Um 36. gr.

Með bráðabirgðaákvæðinu er tryggður réttur þeirra, sem eru í föstu starfi, þótt þeir fullnægi ekki ákvæði 3. gr.